

REGLUGERÐ

um samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

1. gr.

Samvinnunefnd um málefni norðurslóða skal stuðla að og efla samstarf um rannsóknir á norðurslóðum og málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar skv. lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997.

2. gr.

Umhverfisráðherra skipar samvinnunefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 11 fulltrúar. Tveir skulu skipaðir án tilnefningar, bæði formaður og varaformaður.

Eftirtalдар stofnanir tilnefna einn fulltrúa hver:

Hafrannsóknastofnunin,
Háskólinn á Akureyri,
Háskóli Íslands,
Náttúrufræðistofnun Íslands,
Rannsóknarráð Íslands,
Rannsóknastofnun landbúnaðarins,
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar,
Umhverfisstofnun og
Veðurstofa Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. gr. laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur niður reglugerð um samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 506/1997, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 31. maí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Góð-verk, menningar- og mannúðarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Góð-verk. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Kópavogi.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Rúmfatalagerinn ehf., kt. 440887-1209, Smáratorgi 1, Kópavogi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er samtals kr. 50.000.000 -krónur fimmtíumilljónir-. Þar af er óskerðanlegt stofnfé kr. 621.000 -krónur sexhundruðtuttuguogeyttþúsund-. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjóðsins umfram stofnframlag sitt.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlög utanaðkomandi aðila, hvers konar styrktarfé, gjafir, vaxtatekjur og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að að styðja við kristilegt starf auk æskulýðs-, menningar- og mannúðarmála á Íslandi. Einnig er heimilt að ráðstafa fé sjóðsins í greiðslur vegna aðkeyptrar vinnu og þjónustu í þágu rannsókna í tengslum við framangreindan tilgang.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum, tilnefndum af stjórn Rúmfatalagersins ehf. til tveggja ára í senn. Að Rúmfatalagernum ehf. gengnum taka stofnhluthafar Rúmfatalagersins ehf. við því hlutverki að tilnefna í stjórnina og að þeim látnum skulu þeir sem eftir sitja í stjórn sjóðsins tilnefna nýja stjórnarmenn.

Stjórn sjóðsins við stofnun hans skipa Jákup Jacobsen, kt. 250961-2009, Jákup Napoleon Purkhús, kt. 210854-7389 og Niels Brynjólv Stórá, kt. 211268-2209.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins auk þess sem hún tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð. Í því skyni skal stjórn sjóðsins setja sér sérstakar starfsreglur er kveða nánar á um verkaskiptingu stjórnarmanna og hvernig markmiðum sjóðsins verði best náð.

Stjórnin metur hvort þörf er fyrir ráðningu sérstaks starfsmanns og annast um ráðningu hans ef þörf er á slíkum starfsmanni.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðabók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Stjórnunarkostnaður skal allur greiddast af fjármunum sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar, viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum eða endurskoðunarfélagi.

Reikningar sjóðsins skulu eigi síðar en 30. júní ár hvert sendir Ríkisendurskoðun, í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

8. gr.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóðsins skulu vera samþykktar af öllum stjórnarmönnum og hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu allar eigur hans renna að jöfnum hlut til helminga annars vegar til Samband íslenskra kristniboðsfélaga, kt. 550269-4149, og hins vegar til ABC-hjálparstarfs, kt. 690688-1589, en ef framangreind samtök finnast ekki skulu eigur sjóðsins renna til Háskóla Íslands.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Framangreint er staðfest af Jákup Jacobsen og Jákúp Purkhús, f.h. stofnanda sjóðsins Góð-verk, í Reykjavík þann 29. apríl 2005.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. maí 2005.

F. h. r.

Fanney Óskarsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.